



Almennir skilmálar Landsbankans vegna fjárfestingarþjónustu

Landsbankinn hf. | Nr. 1217-07 | Febrúar 2022

1. Gildissvið

Skilmálar þessir gilda þegar Landsbankinn hf., kt. 471008-0280, Austurstræti 11, Reykjavík (hér eftir Landsbankinn eða bankinn) veitir viðskiptavinum eftirfarandi fjárfestingarþjónustu samkvæmt lögum um markaði fyrir fjármálagerninga:

- Móttöku, miðlun og framkvæmd fyrir mæla viðskiptavinar um einn eða fleiri fjármálagerninga.
- Eignastýringu.
- Fjárfestingarráðgjöf.

Þá gilda skilmálarnir einnig um vörslu bankans á fjármálagerningum og fjármunum viðskiptavinar og, eftir atvikum, þegar bankinn veitir viðbótarþjónustu í nánnum tengslum við fjárfestingarþjónustu eða fjárfestingarstarfsemi.

Almennir viðskiptaskilmálar Landsbankans gilda samhliða skilmálum þessum. Aðrir samningar milli bankans og viðskiptavinar og skilmálar þar að lútandi gilda einnig samhliða skilmálum þessum, eftir því sem við á.

Ef ósamræmi er milli laga, reglna og reglugerða, annarra samninga milli bankans og viðskiptavinar og skilmála þar að lútandi, skal þeim beitt í eftirfarandi röð:

- Lög.
- Reglur og reglugerðir.
- Samningar um sérgreind viðskipti.
- Skilmálar um sérgreind viðskipti.
- Skilmálar þessir.
- Almennir viðskiptaskilmálar Landsbankans.

Um hugtök og orðanotkun skv. skilmálum þessum er vísað til laga um markaði fyrir fjármálagerninga.

Um skilmála þessa gilda íslensk lög, reglur og reglugerðir.

2. Upplýsingar um LEI-kóða eða NCI-kóða

Ef viðskiptavinur er lögaðili þá ber honum að upplýsa Landsbankann um LEI-kóða (Legal Entity Identifier) sinn en um er að ræða alþjóðlegan 20 stafa kóða til auðkenningar á lögaðilum. Breytist LEI-kóði viðskiptavinar skal hann tafarlaust upplýsa bankann um slíkar breytingar. Ef lögaðili er ekki með gildan LEI-kóða kann bankanum að vera óheimilt að hafa milligöngu um viðskipti viðkomandi lögaðila með fjármálagerninga sem teknir hafa verið til viðskipta á viðskiptavettvangi.

Ef viðskiptavinur er einstaklingur þá ber honum að upplýsa Landsbankann um NCI-kóða sinn (National Client Identifier) en um er að ræða alþjóðlegt kennimerki einstaklinga sem byggir á kennitölum, skattkennitölum og vegabréfsnúmerum sem ríki úthluta einstaklingum. Ef einstaklingur er einungis með íslenskt ríkisfang þá er íslenskt kennitala einstaklings NCI-kóði hans. Ef einstaklingur er með tvöfalt ríkisfang eða annað ríkisfang en íslenskt þá kann NCI-kóði hans að vera annar en íslenskt kennitala viðskiptavinar. Ef viðskiptavinur hefur ekki upplýst bankann um NCI-kóða sinn kann bankanum að vera óheimilt að hafa milligöngu um viðskipti viðskiptavinar með fjármálagerninga sem teknir hafa verið til viðskipta á viðskiptavettvangi.

Nánari upplýsingar um LEI-kóða og NCI-kóða má finna á vefsíðu bankans, www.landsbankinn.is.

3. Flokkun viðskiptavinar

Við upphaf viðskiptasambands ber Landsbankanum að flokka viðskiptavin í einn eftirtalinna flokka:

- Almennur fjárfestir. Almennir fjárfestar njóta mestrar fjárfestaverndar og eru ríkar kröfur gerðar til bankans varðandi upplýsingagjöf til þeirra.
- Fagfjárfestir. Með fagfjárfestum er átt við fjárfesta sem búa yfir reynslu, þekkingu og sérfræðikunnáttu til að taka sjálfir ákvarðanir um fjárfestingar og meta áhættuna sem þeim fylgir. Fagfjárfestar njóta minni verndar en almennir fjárfestar samkvæmt lögum um markaði fyrir fjármálagerninga. Í því felst m.a. að ekki eru gerðar jafn ítarlegar kröfur til bankans um upplýsingagjöf til þeirra og er bankanum heimilt að ganga út frá því að fagfjárfestar búi yfir reynslu, þekkingu og sérfræðikunnáttu til að taka sjálfir ákvarðanir um fjárfestingar og meta áhættuna sem þeim fylgir.
- Viðurkenndur gagnaðili. Viðurkenndir gagnaðilar njóta minnstrar verndar samkvæmt lögum um markaði fyrir fjármálagerninga. Landsbankinn flokkar t.d. lánastofnanir, verðbréfafyrirtæki og fjármálastofnanir sem viðurkennda gagnaðila.

Bankinn tilkynnir viðskiptavini hvernig hann hefur verið flokkaður við upphaf viðskiptasambands. Viðskiptavinur ber ábyrgð á að tilkynna bankanum um breytingar sem áhrif geta haft á flokkun hans og ef hann telur flokkunina ranga.

Nánari upplýsingar um flokkun viðskiptavinar, rétt hans til að óska eftir breytingu á flokkun sinni og afleiðingar þess má finna í Reglum um flokkun viðskiptavina vegna fjárfestingarþjónustu, en þær má nálgast á vefsíðu bankans, www.landsbankinn.is.

4. Fjárfestingarþjónusta Landsbankans

4.1. Móttaka, miðlun og framkvæmd fyrirmæla frá viðskiptavini um einn eða fleiri fjármálagerninga

4.1.1. Móttaka viðskiptafyrirmæla

Viðskiptavinur getur sent Landsbankanum viðskiptafyrirmæli skriflega, með símtali, tölvupósti, netsamskiptaforriti sem viðurkennt er af Landsbankanum, í netbanka Landsbankans að því tilskildu að hann sé skráður notandi, eða með öðrum rafrænum samskiptahætti sem ákveðinn er af Landsbankanum. Viðskiptafyrirmæli eða önnur fyrirmæli viðskiptavinar til Landsbankans sem berast með framangreindum hætti eru á ábyrgð og áhættu viðskiptavinar. Viðskiptafyrirmæli eru bindandi fyrir viðskiptavin og fela í sér skuldbindingu gagnvart bankanum.

Viðskiptavinur ber alla ábyrgð og áhættu á því að viðskiptafyrirmæli berist Landsbankanum með fullnægjandi hætti.

4.1.2. Efni viðskiptafyrirmæla

Viðskiptafyrirmæli skulu hafa að geyma eftirfarandi upplýsingar:

- Nafn og kennitölu viðskiptavinar.
- Nafn og kennitölu þess aðila sem kemur fram f.h. viðskiptavinar (ef við á).
- Heiti viðkomandi fjármálagernings.
- Hvort um sé að ræða kaupfyrirmæli eða sölufyrirmæli.
- Upplýsingar um magn, s.s. fjölda hluta, eða heildarfjárhæð fyrirhugaðra viðskipta.
- Gildistíma viðskiptafyrirmæla. Ef ekki er kveðið á um gildistíma viðskiptafyrirmæla skal litið svo á að gildistími þeirra sé allt þar til viðskiptadegi lýkur á þeim degi sem viðskiptafyrirmæli eru send. Séu viðskiptafyrirmæli send til Landsbankans á degi sem ekki er viðskiptadagur á markaði skal gildistími þeirra vera til loka næsta viðskiptadags á viðkomandi markaði.
- Hvort viðskipti eigi að fara fram á markaðsgengi eða hvort um sé að ræða skilyrt viðskiptafyrirmæli (limit order) þar sem viðskiptavinur ákveður hæsta kaupverð eða lægsta söluverð, eftir því sem við á.
- Sérhverjar aðrar upplýsingar sem teljast nauðsynlegar að mati Landsbankans.

Vakin er athygli viðskiptavinar á að upplýsingar um afgreiðslu viðskiptafyrirmæla kunna að verða óaðgengilegar tímabundið vegna álags á viðskiptakerfum eða bilana í þeim. Landsbankinn ber ekki ábyrgð á því ef upplýsingar eru óaðgengilegar af þeim sökum.

4.1.3. Breyting eða afturköllun viðskiptafyrirmæla

Viðskiptavinur getur óskað eftir því við Landsbankann að viðskiptafyrirmælum verði breytt eða þau afturkölluð, en þó einungis til þess tíma þegar Landsbankinn hefur hafið aðgerðir til að framkvæma fyrirmælin, og því aðeins að hægt sé að breyta eða afturkalla fyrirmælin án tjóns eða óhagræðis fyrir Landsbankann. Litið skal á breytingar á magni eða verði þess fjármálagernings sem viðskiptafyrirmæli tilgreinir sem afturköllun viðskiptafyrirmæla og um leið sem ný viðskiptafyrirmæli. Breytingar á viðskiptafyrirmælum geta haft áhrif á afgreiðsluröð þeirra í viðskiptakerfum.

4.1.4. Framkvæmd viðskiptafyrirmæla

Ef viðskiptavinur er almennur fjárfestir eða fagfjárfestir þá framkvæmir bankinn viðskiptafyrirmæli í samræmi við Verklagsreglur Landsbankans um framkvæmd viðskiptafyrirmæla sem eru aðgengilegar á vef bankans, www.landsbankinn.is. Ef viðskiptavinur er viðurkenndur gagnaðili þá gilda verklagsreglurnar ekki en bankinn mun starfa heiðarlega, af sanngirni og fagmennsku við framkvæmd fyrirmæla frá viðurkenndum gagnaðilum. Hafi viðskiptavinur ekki tilgreint hámarks- eða lágmarksverð (eftir því sem við á) í viðskiptafyrirmælum skal Landsbankanum heimilt að framkvæma viðskipti á markaðsverði eins og það er á hverjum tíma.

Landsbankanum er heimilt að framkvæma viðskipti í fleiri en einum hluta hafi ekki verið kveðið á um annað.

Athygli er vakin á því að Landsbankinn eða tengdir aðilar geta verið gagnaðilar í viðskiptum með fjármálagerninga.

Kveði viðskiptafyrirmæli á um sölu fjármálagernings er viðskiptavini skylt að tryggja að umræddur fjármálagerningur berist Landsbankanum áður en viðskipti verða framkvæmd kveði markaðsreglur á um það eða fari Landsbankinn fram á slíkt. Viðskiptavinur skal bæta Landsbankanum það tjón sem hlýst af tögum vegna afhendingar fjármálagerninga. Landsbankinn getur krafist þess að fá það staðfest að viðskiptavinur fari með vörslu fjármálagerninga eða að viðskiptavinur geti afhent þá innan tilgreindra tímamarka.

Landsbankanum er heimilt að kanna hvort viðskiptavinur hafi næga innstæðu á greiðslureikningi sínum til lúkningar viðskiptum. Séu viðskiptafyrirmæli um kaup send Landsbankanum getur bankinn krafist þess að greiðsla vegna viðskipta sé greidd fyrirfram, annaðhvort að fullu eða hluta. Ef viðskiptafyrirmæli um sölu eru send bankanum er bankanum ennfremur heimilt að kanna hvort vörslureikningur viðskiptavinar hafi að geyma fjármálagerninga til lúkningar viðskiptum.

Landsbankinn getur krafist trygginga fyrir framkvæmd viðskiptafyrirmæla skv. skilmálum þessum.

Landsbankinn mun ekki veita upplýsingar um nafn gagnaðila í viðskiptum viðskiptavinar nema slíkt sé skylt samkvæmt lögum eða dómsúrskurði.

4.1.5 Lokun viðskipta og viðskiptafyrirmæli ekki framkvæmd

Landsbankanum skal heimilt að framkvæma ekki viðskiptafyrirmæli ef viðskiptavinur hefur ekki uppfyllt skyldur sínar, t.d. (i) við útfyllingu og skil viðskiptafyrirmæla, (ii) skv. öðrum samningum milli bankans og viðskiptavinar, (iii) skv. markaðsreglum, eða (iv) skv. skilmálum þessum eða öðrum skilmálum bankans.

Þá skal Landsbankanum heimilt að framkvæma ekki viðskiptafyrirmæli: (i) ef bankinn hefur vitneskju eða grun um að viðskiptin brjóti í bága við lög, reglugerðir eða reglur, (ii) ef framkvæmd viðskiptafyrirmælanna myndi brjóta gegn skilmálum annarra samninga milli bankans og viðskiptavinar, eða (iii) hafi bankinn grun um að þau komi ekki frá viðskiptavini, vafi leiki á um efni þeirra, efni þeirra sé sérstakt eða óvenjulegt miðað við fyrri viðskipti eða sé óvenjulegt miðað við það sem almennt tíðkast í sambærilegum viðskiptum.

Landsbankanum skal heimilt að hverfa frá framkvæmd viðskipta eða afturkalla viðskipti ef viðskiptafyrirmæli eru fjarlægð úr eða gerð ógild í viðskiptakerfi kauphallar.

Viðskiptafyrirmæli skulu felld niður ef viðkomandi markaður dregur viðskiptafyrirmælin til baka úr viðskiptakerfi sínu, t.d. vegna þess að réttur til arðs eða áskriftarréttinda fellur niður, hlutabréfum er skipt, hlutabréfaútgáfa á sér stað, hlutaflokkar eru sameinaðir eða ef samruni eða skipting féлага á sér stað.

Ef viðskiptafyrirmæli eru felld niður eða ekki framkvæmd af ofangreindum ástæðum ber Landsbankinn enga ábyrgð á því tjóni sem viðskiptavinur kann að verða fyrir. Þá skal viðskiptavinur bæta Landsbankanum allt það tjón sem bankinn verður fyrir ef tjón má rekja til háttsemi viðskiptavinar.

4.1.6. Staðfesting á framkvæmd viðskiptafyrirmæla

Landsbankinn mun senda viðskiptavini staðfestingu á framkvæmd viðskiptafyrirmæla eigi síðar en næsta viðskiptadag eftir framkvæmd fyrirmælanna. Séu viðskipti framkvæmd af þriðja aðila mun Landsbankinn senda viðskiptavini staðfestinguna eigi síðar en næsta viðskiptadag eftir að staðfesting hefur borist bankanum frá þriðja aðila, nema viðskiptavinur fái slíka tilkynningu beint frá þriðja aðila.

4.1.7. Uppgjörssupplýsingar og staðfesting á skilmálum viðskipta

Bankanum ber að óska eftir tilteknum uppgjörssupplýsingum frá viðskiptavini ásamt staðfestingu á skilmálum viðskipta. Hér fyrir neðan eru tilgreindar skyldur aðila í tengslum við það en mismunandi reglur gilda fyrir almenna fjárfesta annars vegar og fagfjárfesta og viðurkennda gagnaðila hins vegar.

Ákvæði þessarar greinar 4.1.7 eiga einungis við þegar viðskiptavinur á viðskipti með framseljanleg verðbréf, peningamarkaðsgerninga eða hlutdeildarskírteini í sjóðum um sameiginlega fjárfestingu, sem gerð eru upp hjá verðbréfamiðstöð innan Evrópska efnahagssvæðissins. Þá eiga ákvæði þessarar greinar ekki við ef viðskiptavinur geymir hjá bankanum þá fjármálagerninga og þá peninga sem varða uppgjör viðskiptanna.

Almennur fjárfestir

Eftir að bankinn hefur sent viðskiptavini, sem flokkaður er sem almennur fjárfestir, staðfestingu á framkvæmd viðskiptafyrirmæla samkvæmt grein 4.1.6 mun bankinn óska eftir því að viðskiptavinur sendi bankanum tilteknar uppgjörssupplýsingar um viðskiptin eigi síðar en kl. 12.00 að mið-evrópskum tíma (CET) næsta viðskiptadag eftir daginn sem viðskiptin áttu sér stað. Viðskiptavinur skal senda bankanum allar umbeðnar uppgjörssupplýsingar fyrir þetta tímamark.

Fagfjárfestir eða viðurkenndur gagnaðili

Eftir að bankinn hefur sent viðskiptavini, sem flokkaður er sem fagfjárfestir eða viðurkenndur gagnaðili, staðfestingu á framkvæmd viðskiptafyrirmæla samkvæmt grein 4.1.6, skal viðskiptavinur senda bankanum uppgjörssupplýsingar um viðskiptin þar sem tilgreina skal eftirfarandi:

- a) Eina af eftirfarandi tegundum viðskipta:
 - i) Kaup eða sölu verðbréfa.
 - ii) Veðtryggingastýringu (e. collateral management).
 - iii) Verðbréfalánveitingu/-lántöku.
 - iv) Endurhverf viðskipti.
 - v) Önnur viðskipti sem unnt er að tilgreina með ítarlegri ISO-kóðum.
- b) Alþjóðlegt auðkennisnúmer verðbréfa (ISIN-númer) fyrir fjármálagerninginn eða, sé ISIN-númer ekki tiltækt, annað auðkenni fjármálagerningsins.
- c) Afhendingu eða viðtöku fjármálagerninga eða peninga.
- d) Nafnverð skuldagerninga og magn annarra fjármálagerninga.
- e) Viðskiptadag.
- f) Viðskiptaverð fjármálagerningsins.
- g) Gjaldmiðil viðskiptanna.
- h) Fyrirhugaðan uppgjörsdag viðskiptanna.
 - i) Heildarfjárhæð peninga til afhendingar eða móttöku.
 - j) Auðkenni aðila sem varðveitir verðbréfin.
 - k) Auðkenni aðila sem varðveitir peningana.
 - l) Heiti og númer verðbréfa- eða peningareikninga sem leggja á inn á eða skuldfæra.

Þá skal viðskiptavinur veita bankanum allar aðrar upplýsingar sem bankinn kann að óska eftir til að auðvelda uppgjör viðskiptanna.

Upplýsingarnar skulu berast bankanum fyrir eftirfarandi tímamark:

- a) Fyrir dagslok á þeim viðskiptadegi sem viðskiptin eiga sér stað ef bankinn og viðskiptavinur eru á sama tímabelti.
- b) Fyrir kl. 12.00 að mið-evrópskum tíma (CET) viðskiptadaginn eftir daginn sem viðskiptin eiga sér stað ef annað af eftirfarandi á við: i) meira en tveggja klukkustunda munur er á milli tímabeltis bankans og tímabeltis viðskiptavinar, eða ii) fyrirmælin voru framkvæmd eftir kl. 16.00 CET á viðskiptadeginum.

Viðskiptavinur skal senda bankanum upplýsingarnar skriflega með þeim samskiptahætti sem bankinn samþykkir. Viðskiptavinur samþykkir að með því að senda upplýsingarnar þá sé hann jafnframt að staðfesta, með skriflegum hætti, samþykki sitt á skilmálum viðskiptanna.

Bankinn skal staðfesta móttöku upplýsinganna innan þess tímaramma sem tilgreindur er í 2. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2018/1229.

Viðskiptavinur þarf ekki að senda bankanum upplýsingar samkvæmt þessari grein 4.1.7 vegna sérhverra viðskipta ef viðskiptavinur hefur áður veitt bankanum allar uppgjörsupplýsingar sem vísað er til hér að ofan og bankinn hefur staðfest það gagnvart viðskiptavini.

4.1.8. Afhending fjármálagerninga og tryggingar

Landsbankinn skal afhenda viðskiptavini fjármálagerning á uppgjörstigi viðskipta ef um kaup er að ræða í samræmi við markaðsreglur, nema um annað sé samið. Viðskiptavinur skal fá hluta fjármálagerninga afhenta ef það reynist mögulegt þrátt fyrir að full afhending allra fjármálagerninga geti ekki farið fram.

Ef um sölu er að ræða þá skal viðskiptavinur afhenda bankanum viðkomandi fjármálagerninga á uppgjörstigi viðskipta.

Viðskiptavinur skuldbindur sig til að gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að rétt aðilaskipti að fjármálagerningunum geti farið fram, verði þörf á atbeina viðskiptavinar. Neiti viðskiptavinar um slíka ráðstöfun er Landsbankanum heimilt að leita til sýslumanns/héraðsdóms til að framkvæma það sem viðskiptavinur sinnir ekki.

Um fjármálagerninga sem tryggingar fer eftir lögum og reglum viðkomandi uppgjörsaðila..

4.1.9. Greiðsla vegna viðskipta og skuldajöfnun

Viðskiptavinur skuldbindur sig til að eiga, á uppgjörstigi, innstæðu á skuldfærslureikningi hjá Landsbankanum sem nemur kaupverði fjármálagerninga, auk kostnaðar og hvers konar skatta og gjalda. Fari uppgjör ekki fram á uppgjörstigi vegna atvika sem varða viðskiptavin, t.d. ef ekki er næg innstæða á skuldfærslureikningi, er bankanum heimilt að selja umrædda fjármálagerninga í heild eða hluta á hverjum þeim markaði sem bankinn ákveður, á nauðungaruppbóði, eða koma þeim í verð á hvern þann hátt sem bankinn kys. Andvirðinu skal ráðstafað til skaðlausrar greiðslu á kaupverði umræddra fjármálagerninga, þ.m.t. höfuðstól, vöxtum, verðbótum, gengismun, dráttarvöxtum, innheimtukostnaði eða öðrum kostnaði, hverju nafni sem nefnist.

Nýti Landsbankinn þessa heimild sína á bankinn kröfu á hendur viðskiptavini fyrir þeim mismun sem kann að verða á kaupverði umræddra fjármálagerninga og söluverði þeirra að viðbættum kostnaði.

Landsbankinn ber á uppgjörstigi ábyrgð á greiðslu söluverðs, að frádrögnum hvers konar kostnaði, sköttum og þóknun til viðskiptavinar vegna sölu fjármálagernings. Standi viðskiptavinur í skuld við Landsbankann er Landsbankanum heimilt að beita skuldajöfnuði með því að draga útistandandi skuld frá söluverði vegna einstakra viðskipta. Standi hluti söluverðs eftir að loknum skuldajöfnuði skal viðskiptavinur fá greitt það sem eftir stendur.

Hafi bankinn og viðskiptavinur útistandandi skuldir gagnvart hvor öðrum vegna viðskipta skal Landsbankanum heimilt að beita skuldajöfnun.

4.1.10. Uppgjörsbrestur

Samkvæmt ákvæðum reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 909/2014 og framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2018/1229 skal verðbréfamíðstöð sekta bankann ef uppgjör viðskipta á sér ekki stað, að hluta eða öllu leyti, á ætluðum uppgjörstigi, vegna skorts á verðbréfum eða peningum.

Ef bankinn er sektaður vegna uppgjörsbrests sem rekja má til háttsemi eða vanefnda viðskiptavinar, t.d. vegna þess að viðskiptavinur vanefnir að greiða kaupverð eða afhenda fjármálagerninga, þá skal viðskiptavinur, geri bankinn kröfu þess efnis, bæta bankanum allt það tjón sem hann verður fyrir vegna þessa.

Viðskiptavinur heimilar bankanum að skuldfæra greiðslureikninga viðskiptavinar hjá bankanum vegna þess tjóns sem bankinn verður fyrir samkvæmt framansögðu.

4.1.11. Viðskipti með erlenda fjármálagerninga

Viðskipti með erlenda fjármálagerninga geta verið háð öðrum lögum og reglum en viðskipti með íslenska fjármálagerninga, og ber viðskiptavinur alla áhættu þar að lútandi. Landsbankinn ber enga ábyrgð á þátttöku erlendra aðila í framkvæmd viðskipta með erlenda fjármálagerninga.

Viðskiptavinur ber allan kostnað og alla áhættu sem hlýst af gjaldeyrisviðskiptum í tengslum við viðskipti með erlenda fjármálagerninga.

4.1.12. Framkvæmd tilhlýðileikamats

Áður en bankinn veitir viðskiptavini þjónustu sem felst í móttöku, miðlun eða framkvæmd viðskiptafyrirmæla þá aflar hann upplýsinga um þekkingu og reynslu viðskiptavinar á sviði fjárfestinga sem máli skipta fyrir viðkomandi tegund vöru eða þjónustu. Þessara upplýsinga er m.a. aflað með því að leggja spurningarlista fyrir viðskiptavin og ber viðskiptavini að svara spurningum bankans eftir bestu vitund. Bankinn ber enga ábyrgð ef viðskiptavinur veitir rangar eða ófullnægjandi upplýsingar. Hafi viðskiptavinur, að mati bankans, ekki þá þekkingu og reynslu sem nauðsynleg er

til að geta skilið þá áhættu sem felst í viðkomandi vöru eða þjónustu mun bankinn senda viðskiptavini viðvörun þess efnis. Vilji viðskiptavinur, þrátt fyrir viðvörun bankans, framkvæma viðskiptin gerir hann það á eigin ábyrgð. Í einstaka tilfellum kann bankinn að neita að hafa milligöngu um viðskipti eða þjónustu sem bankinn telur að séu ekki tilhlyðileg fyrir viðskiptavin.

Landsbankanum er þó ekki skylt að framkvæma tilhlyðileikamat í eftirfarandi tilfellum:

- a) Þegar bankinn veitir þjónustu sem felst aðeins í framkvæmd eða móttöku og miðlun fyrir mæla með eða án viðbótarþjónustu, að undanskildum lánveitingum skv. b-lið 66. tölul. 1. mgr. 4. gr. laga um markaði fyrir fjármálagerninga, öðrum en þegar samþykktum lánnum viðskiptavinar, þ.m.t. yfirdráttarheimildum, og þegar þjónustan er veitt að frumkvæði viðskiptavinar og tengist einföldum fjármálagerningum, s.s. hlutabréfum og skuldabréfum sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum markaði. Viðskiptavinur nýtur því ekki samsvarandi verndar viðeigandi reigna um viðskiptahætti í þessum tilfellum.
- b) Þegar bankinn veitir viðskiptavini fjárfestingarþjónustu sem varðar fjármálagerninga sem viðskiptavinur hefur verið flokkaður sem fagfjárfestir með.

4.2. Eignastýring

Í eignastýringu felst að bankinn stjórnar eignasafni viðskiptavinar í samræmi við fjárfestingarstefnu sem er fyrirfram ákveðin af viðskiptavini. Bankinn mun því taka ákvörðun um og eiga viðskipti fyrir hönd viðskiptavinar með fjármálagerninga o.fl. fyrir eigin reikning viðskiptavinar. Sinni bankinn eignastýringu fyrir viðskiptavin þá er gerður um það sérstakur samningur.

4.3. Fjárfestingarráðgjöf

4.3.1. Almenn

Viðskiptavinur getur óskað eftir því að bankinn veiti sér fjárfestingarráðgjöf, þ.e. persónulega ráðleggingu í tengslum við fjármálagerninga. Fjárfestingarráðgjöf getur t.a.m. falist í ráðleggingu um kaup eða sölu tiltekins fjármálagernings, s.s. hlutabréfs eða skuldabréfs.

Jafnvel þótt bankinn veiti fjárfestingarráðgjöf þá er það viðskiptavinur sem tekur ákvörðun um hvort hann fylgi ráðgjöfinni eða ekki. Viðskiptavinur tekur því ákvörðun um einstök viðskipti og ber ábyrgð og áhættu á fjárfestingarákvörðunum sínum.

Um þóknarir og gjöld fyrir veitingu fjárfestingarráðgjafar fer samkvæmt verðskrá bankans eins og hún er hverju sinni og, eftir atvikum, samningum þar að lútandi.

4.3.2. Háð fjárfestingarráðgjöf

Þegar bankinn veitir fjárfestingarráðgjöf þá er um svokallaða háða ráðgjöf að ræða. Ráðgjöfin telst háð þar sem bankinn veitir ráðgjöf varðandi fjármálagerninga sem eru gefnir út eða látnir í té af bankanum sjálfum eða aðilum með náin tengsl eða önnur lagaleg eða fjárhagsleg tengsl við bankann, svo sem á grundvelli samnings. Ráðgjöfin getur jafnframt falist í fjárfestingarráðgjöf varðandi aðra valda fjármálagerninga, s.s. hlutabréf eða skuldabréf sem hafa verið tekin til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland.

4.3.3. Hæfismat

Áður en fjárfestingarráðgjöf er veitt aflar bankinn nauðsynlegra upplýsinga frá viðskiptavini um:

- a) þekkingu og reynslu viðskiptavinar á sviði fjárfestinga sem máli skipta fyrir viðkomandi tegund vöru eða þjónustu,
- b) fjárhagsstöðu viðskiptavinar, þ.m.t. um getu til að mæta tapi, og
- c) fjárfestingarmarkmið viðskiptavinar, þ.m.t. áhættuþol.

Upplýsinganna er m.a. aflað með því að leggja spurningarlista fyrir viðskiptavin. Viðskiptavini ber að svara spurningum bankans eftir bestu vitund. Rangar eða ófullnægjandi upplýsingar geta leitt til þess að viðskiptavinur fái ekki ráðgjöf sem hæfir honum. Bankinn ber enga ábyrgð ef viðskiptavinur veitir rangar eða ófullnægjandi upplýsingar.

Ef viðskiptavinur er flokkaður sem fagfjárfestir er bankanum heimilt að gera ráð fyrir því að hann hafi nægjanlega þekkingu og reynslu í skilningi a) liðar hér að ofan, að því er varðar vörur og þjónustu sem hann er flokkaður sem fagfjárfestir vegna. Þá er bankanum heimilt að gera ráð fyrir því að fagfjárfestir sé fjárhagslega fær um að bera alla tengda fjárfestingaráhættu sem samræmast fjárfestingarmarkmiðum hans. Þetta á þó ekki við um svokallaða upphækkaða fagfjárfesta, þ.e. þegar bankinn hefur flokkað viðskiptavin sem fagfjárfesti skv. beiðni viðskiptavinar.

4.3.4. Hæfismatsskýrsla

Þegar bankinn veitir viðskiptavini, sem flokkaður er sem almennur fjárfestir, fjárfestingarráðgjöf þá mun bankinn, áður en viðskipti eiga sér stað, afhenda honum hæfismatsskýrslu á varanlegum miðli þar sem tilgreint er hvaða fjárfestingarráðgjöf hefur verið veitt og hvernig hún samræmist áherslum, markmiðum og þörfum hans.

Ef gerður er samningur um kaup eða sölu á fjármálagerningi með fjarsölu, t.d. í gegnum síma, sem kemur í veg fyrir að hægt sé að afhenda hæfismatsskýrslu fyrirfram er bankanum heimilt að afhenda skýrsluna um leið og viðskiptavinur hefur skuldbundið sig með slíkum samningi, að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- a) viðskiptavinur hefur samþykkt að taka við hæfismatsskýrslunni eins fljótt og auðið er eftir að viðskiptin hafa farið fram, og
- b) bankinn hefur gefið viðskiptavini kost á að fresta viðskiptunum til að hann geti móttekið hæfismatsskýrsluna fyrirfram.

Bankinn mun ekki framkvæma reglubundið mat á því hvort fjármálagerningar, sem mælt hefur verið með, hæfi viðskiptavini. Viðskiptavinur er því hvattur til að fylgjast vel með sínum fjárfestingum.

5. Varðveisla fjármálagerninga og fjármuna viðskiptavinar

5.1. Stofnun vörslureiknings og verðbréfareiknings

Á grundvelli skilmála þessara er stofnaður vörslureikningur fyrir viðskiptavin hjá Landsbankanum. Vörslureikningur er skrá sem heldur utan um heildareign viðskiptavinar í fjármálagerningum, hvort sem þeir eru á pappír eða rafrænt skráðir í verðbréfamiðstöð (rafbréf).

Jafnframt er stofnaður verðbréfareikningur á nafni viðskiptavinar hjá verðbréfamiðstöð sem starfar samkvæmt lögum um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignarskráningu fjármálagerninga. Landsbankinn hefur aðgang að kerfi verðbréfamiðstöðvar og heimild til að skrá eignaréttindi inn í kerfi verðbréfamiðstöðvar.

5.2. Varðveisla fjármálagerninga og fjármuna viðskiptavinar

Á vörslureikning viðskiptavinar eru skráðir allir fjármálagerningar sem viðskiptavinur kaupir fyrir milligöngu Landsbankans nema viðskiptavinur óski sérstaklega eftir því að varsla þeirra verði annars staðar. Þá getur viðskiptavinur óskað eftir því að aðrir fjármálagerningar, hvort sem þeir eru á rafrænu formi eða pappírformi, verði í vörslu hjá Landsbankanum. Berist fjármálagerningur beint til viðskiptavinar, þegar varsla hans á að vera hjá Landsbankanum, ber honum að tilkynna Landsbankanum um það og koma fjármálagerningunum í vörslu Landsbankans við fyrsta tækifæri. Landsbankinn skuldbindur sig til þess að varðveita fjármálagerninga og önnur verðmæti á vörslureikningi með tryggum hætti.

Þá mun bankinn eignarskrá rafbréf viðskiptavinar á verðbréfareikning viðskiptavinar hjá verðbréfamiðstöð.

5.3. Undirvörsluaðilar

Landsbankanum er heimilt að láta undirvörsluaðila annast vörslu fjármálagerninga og annarra fjármuna viðskiptavinar f.h. Landsbankans, ásamt því að annast uppgjör viðskipta og sinna tengdum verkefnum. Réttarsamband viðskiptavinar og Landsbankans helst óbreytt þrátt fyrir að bankinn nýti þessa heimild. Um ábyrgð bankans vegna aðgerða, aðgerðarleysis eða gjaldþrots undirvörsluaðila fer samkvæmt viðeigandi lögum, reglum og reglugerðum.

Samningar við undirvörsluaðila utan Evrópska efnahagssvæðisins kunna að fela í sér að undirvörsluaðili hafi tryggingar eða veð í fjármálagerningum eða fjármunum viðskiptavinar eða rétt til skuldajöfnunar í þeim, til að endurheimta skuldir sem tengjast ekki viðskiptavininum eða þjónustu við hann. Ekki er gerður samningur við undirvörsluaðila sem kveður á um slík réttindi undirvörsluaðila nema þeirra sé krafist í gildandi lögum í lögsögu þess lands þar sem fjármunir eða fjármálagerningar viðskiptavinar eru varðveittir.

5.4. Heimild til að varðveita fjármálagerninga á safnreikningi

Viðskiptavinur samþykkir að Landsbankinn og undirvörsluaðilar bankans hafi heimild til að varðveita fjármálagerninga í eigu viðskiptavinar á safnreikningi. Í safnskráningu felst að viðkomandi fjármálagerningar eru varðveittir á eigin reikningi Landsbankans, eða undirvörsluaðila bankans, en ekki sérgreindum reikningi viðskiptavinar.

Bankanum og undirvörsluaðilum er heimilt að taka við greiðslum, s.s. arðgreiðslum, fyrir hönd viðskiptavinar frá einstökum útgefendum fjármálagerninga. Taki undirvörsluaðili við greiðslum ráðstafar hann þeim til bankans sem ráðstafar þeim síðan inn á greiðslureikning eða vörslureikning viðskiptavinar, eftir því sem við á.

Viðskiptavinur getur ekki nýtt sér atkvæðisrétt sem fylgir fjármálagerningum á safnreikningi. Landsbankanum er jafnframt óheimilt að nýta slíkan atkvæðisrétt.

Atkvæðisréttur sem fylgir fjármálagerningum á safnreikningi skal þó talinn með þegar metið er hvort viðskiptavinur er flöggunar skyldur eða yfirtökuskyldur, enda þótt safnreikningi fylgi ekki atkvæðisréttur. Auk þessa fellur skylda til þess að tilkynna um viðskipti innherja ekki niður vegna safnskráningar ef viðskiptavinur er innherji í félagi sem tekið hefur fjármálagerninga til viðskipta á skipulegum markaði.

Í samræmi við 7. gr. reglugerðar nr. 706/2008, um safnskráningu og varðveislu fjármálagerninga á safnreikningi, gerir Landsbankinn viðskiptavini hér með grein fyrir því að bankanum er skylt að veita Fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands (hér eftir Fjármálaeftirlitið) upplýsingar samkvæmt reglugerðinni.

5.5. Áhætta sem fylgir safnskráningu

Þegar fjármálagerningar eru varðveittir á safnreikningi heldur Landsbankinn skrá yfir hlut hvers viðskiptavinar svo ekki leiki vafi á því hver sé endanlegur eigandi fjármálagerninga sem þar eru skráðir.

Komi til þess að bú Landsbankans verði tekið til gjaldþrotaskipta eða greiðslustöðvun samþykkt, Landsbankanum verði slitið eða sambærilegar ráðstafanir gerðar getur viðskiptavinur á grundvelli skrár Landsbankans tekið fjármálagerninga sína út af safnreikningi, enda sé ekki ágreiningur um eignarhald.

Verði undirvörsluaðili bankans gjaldþrota þá mun bankinn krefjast þess að fjármálagerningar viðskiptavinar bankans verði afhentir bankanum í samræmi við viðeigandi lög og reglur.

5.6. Varðveisla erlendra fjármálagerninga eða fjármuna á reikningum sem falla undir löggjöf lögsagnarumdæmis utan Evrópska efnahagssvæðisins

Athygli viðskiptavinar er vakin á því að erlendir fjármálagerningar og fjármunir geta verið varðveittir á reikningum sem falla undir löggjöf lögsagnarumdæmis utan Evrópska efnahagssvæðisins og kunna réttindi viðskiptavinar sem tengjast þeim fjármálagerningum eða fjármunum að vera önnur.

5.7. Fyrirtækjaaðgerðir (corporate actions) vegna fjármálagerninga í vörslu

Með fyrirtækjaaðgerð er átt við aðgerð fyrirtækis sem hefur í för með sér breytingar sem hafa áhrif á hagsmunaaðila fyrirtækisins, s.s hluthafa og kröfuhafa. Algengar fyrirtækjaaðgerðir eru arðgreiðslur vegna hlutabréfa, vaxtagreiðslur skuldabréfa og lækkun/hækkun hlutafjár.

Fyrirtækjaaðgerðir má flokka í tvo flokka, sjálfgefnar aðgerðir (mandatory events) og valkvæðar aðgerðir (voluntary events).

Sjálfgefnar aðgerðir eru aðgerðir sem eiga sér stað án aðkomu eiganda fjármálagernings, s.s. þegar stjórn hlutafélags tekur ákvörðun án þess að bera málefni undir hluthafafund. Landsbankinn sendir viðskiptavinum ekki tilkynningar vegna sjálfgefninna aðgerða.

Valkvæðar aðgerðir gera hins vegar ráð fyrir mögulegri aðkomu eða viðbrögðum af hálfu eiganda fjármálagernings. Landsbankinn leitast við að senda viðskiptavinum upplýsingar um valkvæðar aðgerðir sem hann hefur fengið upplýsingar um og varða fjármálagerninga sem eru í vörslu Landsbankans hverju sinni. Bankinn sendir viðskiptavinum þó ekki tilkynningar um boð á aðalfundi, hluthafafundi eða aðra fundi eiganda fjármálagerninga. Bankinn getur upplýst viðskiptavinum um valkvæðar aðgerðir með símtali, tölvupósti, með tilkynningu í netbanka Landsbankans eða öðrum rafrænum samskiptahætti sem ákveðinn er af Landsbankanum. Landsbankinn leitast við að upplýsa viðskiptavinum um valkvæða fyrirtækjaaðgerðir innan tveggja sólarhringa frá því bankinn fær upplýsingar um aðgerðina.

Viðskiptavinur getur sent bankanum fyrirmæli að því er varðar valkvæða fyrirtækjaaðgerð með símtali, tölvupósti eða með öðrum rafrænum samskiptahætti sem ákveðinn er af Landsbankanum. Fyrirmæli viðskiptavinar til Landsbankans sem berast með frangreindum hætti eru á ábyrgð og áhættu viðskiptavinar. Öll fyrirmæli skulu vera skýr og afdráttarlaus og taka skýrt fram hvaða valmöguleiki er valinn hverju sinni. Ef vafi leikur á efni fyrirmæla viðskiptavinar getur það leitt til tafa á afgreiðslu þeirra og er Landsbankinn ekki ábyrgur fyrir tjóni sem af því kann að hljóta, s.s. ef frestur til að senda inn fyrirmæli er liðinn. Ef fyrirmæli viðskiptavinar fela í sér að hann þurfi að inna af hendi greiðslu, t.d. ef hann ákveður að skrá sig fyrir nýjum hlutum í hlutafélagi, þá er bankanum heimilt að krefjast þess að viðskiptavinur hafi næga innstæðu á greiðslureikningi sínum til lúknings viðskiptunum áður en bankinn hefur milligöngu um framkvæmd fyrirmæla viðskiptavinar.

Landsbankinn getur krafist trygginga fyrir framkvæmd fyrirmæla viðskiptavinar í tengslum við fyrirtækjaaðgerð. Séu fyrirmæli um kaup send Landsbankanum getur bankinn krafist þess að greiðsla vegna viðskipta sé greidd fyrirfram, annaðhvort að fullu eða hluta.

Þegar um er að ræða fyrirtækjaaðgerðir sem fela í sér greiðslur til viðskiptavinar, t.d. vaxtagreiðslur eða arðgreiðslur, þá móttekur bankinn þær greiðslur og ráðstafar inn á greiðslureikning eða vörslureikning viðskiptavinar hjá bankanum, eftir því sem við á.

Upplýsingar til viðskiptavinar um fyrirtækjaaðgerðir fela ekki í sér fjárfestingarráðgjöf af hálfu banks.

Bankinn ábyrgist ekki að viðskiptavinur fái upplýsingar um valkvæða fyrirtækjaaðgerðir ef bankinn hefur tekið við vörslu fjármálagernings eftir að hann fékk upplýsingar um fyrirtækjaaðgerðina. Þá ábyrgist bankinn ekki að viðskiptavinur fái upplýsingar um allar valkvæðar fyrirtækjaaðgerðir og ber bankinn enga ábyrgð á tjóni sem viðskiptavinur verður fyrir vegna þess. Viðskiptavinur er því hvattur til að fylgjast sjálfur með fyrirtækjaaðgerðum sem varða fjármálagerninga sem eru í vörslu banks.

5.8. Umboð

Með því að samþykkja skilmála þessa veitir viðskiptavinur Landsbankanum fullt og ótakmarkað umboð sem felur í sér að:

- Landsbankanum er heimilt að varðveita fjármálagerninga viðskiptavinar á tilgreindum vörslureikningi, kaupa og selja fjármálagerninga samkvæmt fyrirmælum viðskiptavinar og gera þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að kaup og/eða sala nái fram að ganga, þ.m.t. að framselja fjármálagerninga í nafni viðskiptavinar.
- Landsbankanum er heimilt að sækja réttindi eða eign sem verður til vegna fjármálagerninga á vörslureikningi, m.a. að innheimta afborganir, arð, verðbætur, vexti og jöfnunarhlutabréf. Allir fjármunir og fjármálagerningar sem Landsbankinn sækir fyrir viðskiptavinum samkvæmt framansögðu skulu lagðir inn á greiðslureikning eða vörslureikning viðskiptavinar hjá Landsbankanum.
- Landsbankanum er heimilt að stofna greiðslureikning í nafni viðskiptavinar hjá Landsbankanum og leggja þar inn fé og taka út og að stofna verðbréfareikning í verðbréfamíðstöð.
- Landsbankanum er heimilt, að fengnum munnlegum eða skriflegum fyrirmælum viðskiptavinar, eða í tengslum við viðskipti viðskiptavinar og banks, að kalla eftir og/eða sækja fjármálagerninga viðskiptavinar í vörslu annarra aðila, svo sem fjármálafyrirtækja, opinberra aðila og annarra sem kunna að hafa fjármálagerninga í vörslu sinni eftir atvikum hverju sinni.
- Landsbankanum er heimilt að skuldfæra greiðslureikninga viðskiptavinar hjá Landsbankanum fyrir uppgjöri viðskipta með fjármálagerninga.

5.9. Yfirlýsingar viðskiptavinar

Með því að samþykkja skilmála þessa lýsir viðskiptavinur því yfir að:

- allar eignir, sem hafa verið eða munu verða lagðar inn á vörslureikning hjá Landsbankanum af viðskiptavinum (eða samkvæmt umboði frá viðskiptavinum), tilheyra viðskiptavinum og að hann telst raunverulegur eigandi þeirra (beneficial owner).
- skattaleg heimilisfesti viðskiptavinar sé í því landi sem hann hefur tilgreint í samskiptum sínum við bankann vegna skilmála þessara og að hann uppfylli nauðsynleg skilyrði til að falla undir ákvæði tvísköttunarsamnings, sé slíkur samningur fyrir hendi.

Viðskiptavinur skal tilkynna Landsbankanum tafarlaust allar breytingar á raunverulegu eignarhaldi og skattalegri stöðu.

5.10. Ráðstöfun fjármálagerninga við andlát, gjaldprot o.fl.

Við andlát, gjaldprot, skiptingu eða samruna viðskiptavinar skal þar til bær aðili senda Landsbankanum upplýsingar um ráðstöfun fjármálagerna á vörslureikningi viðskiptavinar. Hafi Landsbankinn ekki fengið upplýsingar frá þar til bærum aðila um ráðstöfun fjármálagerna skulu áður gefnar upplýsingar teljast réttar og ber Landsbankinn enga ábyrgð á tjóni sem kann að verða vegna þessa. Landsbankinn áskilur sér rétt til að neita að fylgja fyrir mælum ef minnsta óvissa er um það hver skuli hafa rétt til að taka ákvarðanir varðandi fjármálagerna eftir andlát, gjaldprot, skiptingu eða samruna viðskiptavinar og ber Landsbankinn enga ábyrgð vegna tjóns sem kann að verða vegna þessa.

6. Tilkynningar og leiðréttingar

Landsbankinn mun a.m.k. ársfjórðungslega senda viðskiptavini yfirlit um fjármálagerna eða fjármuni sem eru í vörslu bankans, nema þær upplýsingar hafi verið veittar í öðru reglulegu yfirliti. Bankanum ber þó ekki að senda viðskiptavini yfirlit ef viðskiptavinur hefur nýtt sér aðgang að yfirliti um fjármálagerna eða fjármuni sína í netbanka Landsbankans a.m.k. einu sinni á viðkomandi ársfjórðungi.

Þá mun bankinn a.m.k. árlega senda viðskiptavini samandregið yfirlit með upplýsingum um allan kostnað og öll gjöld, þ.m.t. í tengslum við fjárfestingarþjónustu og fjármálagerna, sem eru ekki tilkomin vegna undirliggjandi markaðsáætlu.

Um frekari tilkynningar og tímafresti þar að lútandi fer eftir nánari ákvæðum skilmála og samninga um einstök viðskipti ásamt lögum og reglugerðum.

Upplýsingar sem Landsbankinn sendir viðskiptavini eru sendar viðskiptavini á rafrænu formi, s.s. í netbanka Landsbankans, með tölvupósti, eða með öðrum rafrænum samskiptahætti sem ákveðinn er af Landsbankanum. Ef viðskiptavinur er almennur fjárfestir þá getur hann þó óskað eftir því að fá upplýsingarnar á pappír. Sendir þá bankinn upplýsingarnar til viðskiptavinar á pappír, viðskiptavini að kostnaðarlausu, á það heimilisfang sem tilgreint er í þjóðskrá.

Viðskiptavinur ber ábyrgð á því ef netþjón hans kemur ekki tölvupósti til skila t.d. vegna bilana í tölvukerfi. Viðskiptavinur skal tilkynna Landsbankanum ef breyting verður á pósthafi, símanúmeri eða tölvupóstfangi. Verði viðskiptavinur fyrir tjóni vegna þess að tilkynningar milli viðskiptavinar og bankans misfarast, t.d. ef Landsbankinn fær ekki tölvupóst af einhverjum ástæðum, bréfasendingar komast ekki til skila, ef upp koma tæknilegir örðugleikar eða misskilningur vegna ógreinilegra fyrirmæla frá viðskiptavini, ber Landsbankinn enga ábyrgð á því tjóni.

Viðskiptavinur heimilar bankanum að bakfæra og/eða leiðrétta fjárhæðir sem hafa fyrir mistök eða vegna kerfisvillu verið lagðar inn á greiðslureikning viðskiptavinar. Þá skal bankanum heimilt að bakfæra og/eða leiðrétta stöðu vörslureiknings viðskiptavinar ef fjármálagerningar hafa fyrir mistök eða vegna kerfisvillu verið lagðar inn á vörslureikning viðskiptavinar. Allar leiðréttingar skulu koma fram á yfirliti viðskiptavinar.

7. Kostnaður, þóknarir og þjónustugjöld

Landsbankinn veitir upplýsingar um áætlaðan kostnað og gjöld vegna fjárfestingarþjónustu í Upplýsingum um kostnað og gjöld vegna fjárfestingarþjónustu sem eru aðgengilegar á vef bankans, www.landsbankinn.is. Í skjalinu eru sett fram dæmi sem byggja á verðskrá Landsbankans og fyrirframgefnum forsendum, t.d. að því er varðar fjárfestingarfjárhæð og fjárfestingartíma. Dæmin sýna einnig uppsöfnuð áhrif heildarkostnaðar á ávöxtun fjárfestingar fyrir eitt ár og fimm ár. Þar eru enn fremur upplýsingar um þóknarir sem Landsbankinn fær frá þriðja aðila, s.s. þóknarir frá erlendum sjóðum í tengslum við sölu þeirra, og hvernig þeim er ráðstafað. Bankinn vekur athygli á því að raunverulegur kostnaður viðskiptavinar getur verið annar en sá sem fram kemur í sýnidæmunum. Bankinn mun árlega senda viðskiptavini samandregið yfirlit með upplýsingum um allan kostnað og gjöld sem til féllu á árinu, sbr. 6. gr. skilmála þessara.

Viðskiptavinur skal greiða bankanum þóknarir og þjónustugjöld samkvæmt verðskrá Landsbankans eins og hún er hverju sinni. Verðskrá Landsbankans er aðgengileg á vef bankans, www.landsbankinn.is.

Viðskiptavinur heimilar Landsbankanum að skuldfæra þóknun og þjónustugjöld af greiðslureikningi sínum og skal viðskiptavinur sjá til þess að ætíð sé næg innstæða á þeim reikningi.

8. Haldsréttur

Landsbankinn hefur haldsrétt í fjármálagerningum viðskiptavinar, sem er í vörslu bankans á hverjum tíma, þar til fullnaðaruppgjör vegna viðskipta sem hafa átt sér stað á grundvelli þessara skilmála hafa farið fram.

9. Hagsmunaárekstrar

Hagsmunaárekstrar geta komið upp við veitingu fjárfestingarþjónustu á grundvelli skilmála þessara. Landsbankinn hefur sett sér stefnu um hagsmunaárekstra en markmið hennar er að tryggja samræmda greiningu og meðhöndlun á hagsmunaárekstrum og viðhafa árangursríkar skipulagslegar- og stjórnumarlegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir og stjórna hvers konar hagsmunaárekstrum sem koma upp hjá bankanum. Stefnan er aðgengileg á vef bankans, www.landsbankinn.is.

Landsbankanum er einungis heimilt að greiða eða fá greidda þóknun eða umboðslaun ef að greiðslan eða ávinningurinn er til þess fallinn að efla gæði viðkomandi þjónustu við viðskiptavin og kemur ekki í veg fyrir að bankinn starfi heiðarlega, af sanngirni og fagmennsku í samræmi við hagsmuni viðskiptavinar.

Landsbankanum er heimilt að taka við og halda eftir minniháttar, ófjárhagslegum ávinningi sem getur eftir gæði þeirrar þjónustu sem viðskiptavininum er láttin í té og er í þeim mæli og af þeim toga að hann kemur ekki í veg fyrir að bankinn uppfylli skyldu sína til að vinna að hagsmunum viðskiptavinarins. Minniháttar ófjárhagslegur ávinningur getur

m.a. verið upplýsingar eða gögn sem tengjast fjármálagerningi eða fjárfestingarþjónustu, opinberar upplýsingar frá útgefanda, hófleg risna og þátttaka í ráðstefnum og málstofum.

10. Aðgæsluskylda viðskiptavinar

Viðskiptavinur ber ábyrgð á fjárfestingarákvörðunum sínum. Viðskipti geta verið mjög áhættusöm og ávöxtun í fortíð gefur enga vísbendingu um ávöxtun í framtíð.

Viðskiptavinur er hvattur til þess að kynna sér ávallt vel þá áhættuþætti sem tengjast þeim fjármálagerningi sem fyrirhugað er að eiga viðskipti með. Almenna lýsingu á helstu áhættuþáttum má finna í Áhættulýsingu vegna viðskipta með fjármálagerninga sem er aðgengileg á heimasíðu Landsbankans, www.landsbankinn.is.

11. Hljóðritun símtala og varðveisla rafrænna samskipta

Símtöl sem leiða eða kunna að leiða til viðskipta eru hljóðrituð. Þá kunna önnur símtöl milli bankans og viðskiptavinar að vera hljóðrituð.

Rafræn samskipti milli bankans og viðskiptavinar í tölvupósti, snarspjalli eða annars konar samskiptaforritum sem viðurkennd eru af bankanum og leiða eða kunna að leiða til viðskipta, eru varðveitt í samræmi við kröfur sem gerðar eru í lögum. Önnur rafræn samskipti kunna jafnframt að vera varðveitt.

Hljóðritun símtala og varðveisla rafrænna samskipta er ætlað að tryggja rekjanleika og sannreyna efni símtala og rafrænna samskipta. Þannig kann bankinn m.a. að nota símtalsupptökur og rafræn samskipti sem sönnunargagn komi upp ágreiningur um efni samskipta aðila, t.d. um forsendur og framkvæmd viðskipta eða til að rannsaka mögulega saknæma og/eða refsiverða háttsemi starfsmanna eða viðskiptavinar. Þá kann Regluvarsla bankans einnig að hlusta á símtalsupptökur í eftirliti sínu, m.a. í eftirliti með framkvæmd viðskipta með fjármálagerninga.

Aðeins tilteknir starfsmenn eftirlitseininga hafa aðgang að símtalsupptökum og rafrænum samskiptum. Þá hafa tilteknir starfsmenn bankans á sviði Upplýsingatækni aðgang að símtalsupptökum og rafrænum samskiptum í þeim tilgangi að kanna virkni þeirra kerfislausna sem notaðar eru við hljóðritun símtala og vinnslu rafrænna samskipta.

Bankinn varðveitir símtalsupptökur og rafræn samskipti, sem leiða eða kunna að leiða til viðskipta, að lágmarki í 5 ár en Fjármálaeftirlitinu er heimilt að krefjast þess að þessi gögn verði varðveitt í sjö ár, telji það þörf á því. Aðrar símtalsupptökur og rafræn samskipti eru varðveitt í 90 daga.

Viðskiptavinur eða aðili með umboð til að koma fram fyrir hans hönd getur óskað eftir því að fá afrit af símtalsupptökum eða rafrænum samskiptum.

Óski þriðji aðili eftir afriti af símtalsupptöku eða rafrænum samskiptum skal efni þeirra eða afrit símtalsupptöku einungis afhent þeim sem hefur lögmeata hagsmuni af því að fá afrit í hendur, s.s. ef um er að ræða opinberar eftirlitsstofnanir, lögregluþjónustur eða aðra sem byggja á lagaheimildum.

12. Trúnaðarskylda og meðferð persónuupplýsinga

Samkvæmt ákvæðum laga um fjármálafyrirtæki er Landsbankinn, starfsmenn hans og hverjir þeir sem taka að sér verk fyrir bankann, bundnir þagnarskyldu um allt það sem þeir fá vitneskju um við framkvæmd starfa sinna og varða viðskipta- eða einkamálefni viðskiptavinar, nema skylt sé að veita upplýsingar samkvæmt lögum eða úrskurði dómstóla. Þagnarskylda þessi helst þrátt fyrir að látið sé af störfum hjá bankanum.

Samþykki fyrir skilmálum þessum jafngildir skriflegu samþykki viðskiptavinar, í samræmi við 60. gr. laga um fjármálafyrirtæki, fyrir því að Landsbankanum sé heimilt að miðla upplýsingum um viðskiptavin og viðskipti hans með fjármálagerninga innan samstæðu Landsbankans í viðskiptalegum tilgangi. Einnig er miðlun upplýsinga heimil vegna áhættustýringar og eftirlits á samstæðugrunni.

Þá samþykkir viðskiptavinur að bankanum sé heimilt að afhenda nauðsynlegar upplýsingar um viðskiptavin, s.s. upplýsingar um nafn og auðkenni viðskiptavinar ásamt upplýsingar um viðskipti og fjármálagerninga í eigu viðskiptavinar, til innlendra og erlendra samstarfsaðila sem koma að þjónustunni, s.s. kauphalla, verðbréfamiðstöðva, undirvörsluaðila bankans, útgefanda viðkomandi fjármálagernings og rekstraraðila viðkomandi sérhæfðs sjóðs eða verðbréfasjóðs. Þá er bankanum ávallt heimilt að afhenda þriðja aðila upplýsingar þegar bankanum er skylt að veita upplýsingar á grundvelli laga, reglna eða úrskurðar dómstóla. Þessir aðilar geta eftir atvikum verið staðsettir utan Evrópska efnahagssvæðisins.

Öll vinnsla persónuupplýsinga fer fram í samræmi við gildandi persónuverndarlög á hverjum tíma. Í persónuverndarstefnu Landsbankans er að finna nánari upplýsingar um vinnslu og meðferð persónuupplýsinga sem fram fer hjá bankanum, m.a. tegundir persónuupplýsinga, tilgang vinnslu, réttindi einstaklinga, varðveislutíma persónuupplýsinga, afhendingu til þriðju aðila og öryggi persónuupplýsinga. Persónuverndarstefna Landsbankans gildir samhliða skilmálum þessum og er birt á vef bankans, www.landsbankinn.is. Viðskiptavini ber að kynna sér persónuverndarstefnu Landsbankans. Vakin er athygli viðskiptavinar á því að bankanum er heimilt að flytja persónuupplýsingar til annars ríkis ef lög þess veita persónuupplýsingum fullnægjandi vernd.

13. Réttur til útvistunar

Landsbankanum er heimilt að útvista þjónustu og/eða verkefnum sem framkvæmd eru á grundvelli skilmála þessara að uppfylltum þeim kröfum sem settar eru fram í lögum, reglum og reglugerðum.

14. Ábyrgð

Um ábyrgð Landsbankans fer samkvæmt lögum um markaði fyrir fjármálagerninga. Þá ber Landsbankinn sem reikningsstofnun ábyrgð samkvæmt lögum um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignarskráningu fjármálagerninga.

Bankinn ber ekki ábyrgð á tjóni, beinu eða óbeinu, sem viðskiptavinur kann að verða fyrir og tengist skilmálum þessum eða viðskiptum sem framkvæmd eru á grundvelli þeirra, ef rekja má tjónið til atvika sem stafa af lagaboði, aðgerðum stjórnvalda eða óviðráðanlegum aðstæðum (force majeure), s.s. náttúruhamförum, styrjöldum, hryðjuverkum, verkföllum, farsóttum, lokun landamæra, rafmagnstruflunum eða rafmagnsleysi, truflunum í uppgjörskerfi, símkerfi eða öðrum boðleiðum, eða öðrum sambærilegum atvikum. Landsbankinn ber jafnframt ekki ábyrgð á óþægindum, kostnaði, missi fjárfestingartækifæra eða öðru fjártjóni, beinu eða óbeinu sem stafar af lokun, bilun, truflun eða annarri röskun á starfsemi bankans, þar á meðal ef ekki er hægt að framkvæma fyrirmæli um viðskipti sem tengjast skilmálum þessum, og rekja má til framangreindra orsaka.

Landsbankinn ber enga ábyrgð á endursölu fjármálagerninga eða verðþróun þeirra fjármálagerninga sem viðskiptavinur kaupir, hvort sem þeir hafi verið taldir álitlegur kostur við kaup þeirra eða ekki. Landsbankinn getur ekki ábyrgst atriði er varða útgefanda/seljanda fjármálagerninga, hvorki er varðar greiðslugetu, rekstrarhæfi, skilvísi eða önnur atriði.

Landsbankinn ber ekki ábyrgð á tjóni viðskiptavinar sem hlotist getur af vanþekkingu, misskilningi eða misnotkun viðskiptavinar eða annars aðila á notkunarreglum og skilmálum Landsbankans. Á sama hátt undanskilur Landsbankinn sig ábyrgð á tjóni sem hlotist getur af röngum færslum viðskiptavinar eða annars aðila.

Viðskiptavinur er bundinn að öllu leyti við þá skilmála sem Landsbankinn semur um við þriðja aðila, vegna viðskipta fyrir reikning viðskiptavinar á erlendum vettvangi (um ábyrgð og ábyrgðartakmörkun, framkvæmd, erlendar lagareglur o.s.frv.). Landsbankinn ábyrgist ekki réttar efnidir slíkra samninga af hálfu gagnaðila, hvort sem samningur hefur verið gerður í nafni Landsbankans eingöngu eða fyrir hönd viðskiptavinar.

Viðskiptavinur ber sjálfur ábyrgð á skattalegum, lögfræðilegum, fjárhagslegum og bókhaldslegum afleiðingum viðskipta sem eiga sér stað á grundvelli skilmála þessara og er hann hvattur til að leita sér sjálfstæðrar ráðgjafar um þau atriði. Óski viðskiptavinar eftir álit Landsbankans þar að lútandi er áréttað að slíkt álit er gefið án ábyrgðar og getur breyst fyrirvaralaust vegna breyttra forsendna viðskiptavinar eða markaðsaðstæðna. Hið sama gildir um allar upplýsingar sem birtast á vefsíðum á vegum Landsbankans.

15. Breytingar á skilmálum

Landsbankanum er heimilt að breyta skilmálum þessum einhliða. Með breytingu er átt við breytingu á einstökum ákvæðum skilmálanna eða endurnýjun skilmálanna þannig að nýjir skilmálar taki við af eldri. Verði skilmálum þessum breytt mun bankinn tilkynna viðskiptavini um slíkar breytingar í netbanka Landsbankans, með almennri auglýsingu á vef Landsbankans, www.landsbankinn.is, eða með öðrum rafrænum samskiptahætti sem ákveðinn er af bankanum. Breytingar á skilmálum taka gildi frá og með fyrsta degi næsta mánaðar, talið frá þeim mánuði sem tilkynning bankans um breytta skilmála á sér stað. Viðskiptavinur er bundinn af breytingum sem gerðar eru á skilmálunum nema hann tilkynni Landsbankanum um uppsögn á skilmálunum með sannanlegum hætti áður en breytingarnar taka gildi. Uppsögn viðskiptavinar skv. þessari grein tekur gildi frá móttöku uppsagnar.

16. Starfsheimildir, tryggingar, meðferð ágreiningsmála o.fl.

Landsbankinn starfar samkvæmt lögum um fjármálaafyrirtæki og hefur starfsleyfi frá Fjármálaeftirlitinu. Komi til þess að Landsbankinn sé, að mati Fjármálaeftirlitsins, ekki fær um að inna af hendi greiðslu á innstæðu, verðbréfum eða reiðufé til viðskiptavinar eða bú Landsbankans er tekið til gjaldprotaskipta hefur viðskiptavinur heimild skv. lögum um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta, til að krefja Tryggingasjóð innstæðueigenda og fjárfesta um andvirði innstæðu úr innstæðudeildog andvirði verðbréfa og reiðufjár í tengslum við viðskipti með verðbréf úr verðbréfadeild.

Um skilmálana gilda íslensk lög. Öll mál sem rísa kunna vegna viðskipta við bankann skulu fara eftir íslenskum lögum nema um annað sé samið. Rísi mál vegna brota á skilmálum þessum má reka það fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Viðskiptavini er einnig heimilt að leita með hvers kyns ágreining við bankann til úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálaafyrirtæki að því gefnu að ágreiningsefnið falli undir starfssvið nefndarinnar. Úrskurðarnefndin er vistuð hjá Fjármálaeftirlitinu, Kalkofnsvegi 1, 101 Reykjavík, www.fme.is.

Skilmálar þessir eru gefnir út á íslensku. Íslensk útgáfa skilmálanna er eina gilda útgáfa skilmálanna, óháð því hvort bankinn birti þýðingu á skilmálunum á öðrum tungumálum en íslensku.

Skilmálar þessir koma í stað Almennra skilmála Landsbankans vegna fjárfestingarþjónustu sem tóku gildi 1. september 2021. Skilmálar þessir gilda frá og með 1. febrúar 2022.